LOÐDÝRARÆKT Á ÍSLANDI

RÖKIN FYRIR BANNI

Dýravelferð · Almenningsálit · Lýðheilsa · Saga · Löggjöf

Samtök um dýravelferð hvetja Alþingi til að marka skýra stefnu um lok loðdýraræktar og lögfesta bann við því að halda eða rækta dýr til loðfeldaframleiðslu. Í ljósi þess hversu lítil greinin er orðin yrðu umskiptin afmörkuð og vel framkvæmanleg. Ný gögn um afstöðu almennings, vísindalegt mat á dýravelferð, niðurstöður eftirlits, efnahagsleg greining og lögfræðilegt mat styrkja rökin fyrir því að leggja greinina niður með sanngjörnum og fyrirsjáanlegum hætti.

1

STARFANDI MINKABÚ

2x fleiri

ANDVÍG LOÐDÝRARÆKT EN HLYNNT

0,002%

FRAMLAG LOÐDÝRARÆKTAR TIL ÍSLENSKS EFNAHAGSLÍFS [32]

HELSTU STAÐREYNDIR

- Minkur er ágeng framandi tegund á Íslandi. Villti stofninn á rætur að rekja til loðdýraræktar. [14]
- Niðurstaða vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) frá árinu 2025 um loðdýrarækt var sú að snautt umhverfi og takmarkað rými hefðu veruleg neikvæð áhrif á velferð dýranna. Búrahald takmarkar hreyfigetu þeirra og möguleika til að sýna náttúrulega hegðun, svo sem að afla sér fæðu og kanna umhverfi sitt. Að mati EFSA er ekki hægt að mæta þessum þörfum með fullnægjandi hætti við núverandi aðbúnað og búskaparhætti. [6]
- Í mars 2026 kallaði Dýralæknafélag Íslands eftir því að loðdýrarækt yrði bönnuð. Tveimur dögum áður hafði yfirdýralæknir Matvælastofnunar (MAST) lýst þeirri afstöðu að endurskoða bæri gildandi löggjöf um loðdýrarækt og vísað til þess að minkar gætu ekki sýnt eðlilega hegðun við þær aðstæður sem þeim væru búnar. [36][37]
- Ítrekaðar tilkynningar hafa borist um minka sem sloppið hafa úr haldi frá Dalsbúi, síðasta starfandi minkabúi landsins. [15][24][40]
- Í mars 2026 sýndi Kveikur myndefni frá þremur íslenskum minkabúum sem hættu starfsemi árið 2025. Þar sáust meðal annars lítil og óhrein búr, blóðug og særð dýr, dauð dýr og minkar með áverka sem samræmdust sjálfsskaða. [11]
- Öll íslensk loðdýrabú voru WelFur-vottuð en Matvælastofnun (MAST) hafði ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við velferð dýranna á búunum. [24]
- Opinberu fé hefur verið varið til stuðnings loðdýraræktar á Íslandi, á sama tíma og hið opinbera ber kostnað af aðgerðum til að halda villta minkastofninum í skefjum. [20][23]
- 24 Evrópulönd, þar á meðal Noregur, Bretland, Austurríki, Frakkland og Ítalía, hafa lögfest lok loðdýraræktar. Pólland varð 24. landið í desember 2025. [26]



DÝRAVELFERÐ - VÍSINDI OG REYNSLA Á ÍSLANDI

2.1 Náttúruleg hegðun minka

Ameríski minkurinn er einfari og rándýr sem lifir gjarnan við vötn, sjó eða læki. Hann fer víða um og hefur ríka þörf fyrir að leita að fæðu, veiða og kanna umhverfi sitt. Rannsóknir á minkum í eldi hafa sýnt að þeir hafa sterka hvöt til að komast í vatn og synda, enda er slík hegðun þeim eðlislæg. Ein rannsókn bendir jafnframt til þess að skortur á aðgangi að vatni til sunds geti valdið sambærilegum streituviðbrögðum og þegar minkum er meinaður aðgangur að fæðu. [8]

2.2 EFSA og vísindalegt mat dýralækna

Árið 2025 mat Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) velferð minka og annarra loðdýra í eldi. Niðurstaðan var að takmarkað rými og snautt umhverfi skerði hreyfigetu dýranna og möguleika þeirra til að sýna náttúrulega hegðun. Aðeins takmarkaðar umbætur eru mögulegar við núverandi búrahald, sem getur meðal annars leitt til streitu, óeðlilegrar hegðunar og líkamlegs skaða. [6]

Velferðarvandinn takmarkast ekki eingöngu við aðbúnað dýranna. Samtök dýralækna hafa einnig lýst áhyggjum af þeim aðferðum sem notaðar eru við aflífun dýra í loðdýrarækt og bent á að algengar aflífunaraðferðir tryggi ekki ávallt mannúðlega aflífun og geti valdið dýrunum ótta, sársauka og þjáningu. Í nóvember 2025 lýstu FVE, FECAVA og WSAVA sameiginlega yfir stuðningi við lögbundið afnám loðdýraræktar. WSAVA eru alþjóðleg samtök með aðildarfélög sem saman eru fulltrúar meira en 390.000 dýralækna. [7][38]

Íslensk lög setja grunnkröfur

Markmið laga nr. 55/2013 um velferð dýra er meðal annars að dýr séu laus við vanlíðan og geti sýnt sitt eðlilega atferli eftir því sem frekast er unnt. Samkvæmt 29. gr. laganna ber umráðamönnum að tryggja dýrum umhverfi sem tekur mið af sérþörfum og eiginleikum viðkomandi tegundar.

Lögin gera jafnframt kröfu um að dýr séu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og, eftir því sem unnt er, án þess að önnur dýr verði þess vör. Óheimilt er að valda dýrum óþarfa þjáningu eða ótta. Lögfræðileg úttekt bendir til þess að vafi geti leikið á því hvort minkarækt samræmist að fullu þeim kröfum sem lög um velferð dýra gera til aðbúnaðar og aflífunar dýra. [9][10]



Myndefni frá íslenskum loðdýrabúum, 2025. © Juho Kerola

2.3 Kveikur 2026: Aðstæður á íslenskum minkabúum

Í mars 2026 sýndi Kveikur upptökur sem teknar voru á þremur íslenskum minkabúum sem hættu starfsemi árið 2025. Þar sáust lítil og óhrein búr, blóðug og særð dýr, dauð dýr og minkar með áverka sem samræmdust sjálfsskaða. [11]

2.4 Síðasta búið: ítrekaðir annmarkar í eftirliti

Árið 2023 lýsti Matvælastofnun aðstæðum á Dalsbúi sem óviðunandi og varaði við því að til lokunar búsins gæti komið yrðu úrbætur ekki gerðar. Í bréfi MAST komu meðal annars fram eftirfarandi atriði:

- særðir minkar sem höfðu ekki fengið viðeigandi umönnun
- frávik frá reglum um fóðrun og aðbúnað í miklu frosti
- áhyggjur af mönnun og því hvort unnt væri að tryggja fullnægjandi umönnun dýranna
- kvartanir vegna minka sem höfðu sloppið frá búinu
- skortur á umhverfisauðgun
- skortur á hæfisskírteinum vegna neyðaraflífunar [12]

WelFur-vottun tryggir ekki velferð dýra

Öll íslensk loðdýrabú voru WelFur-vottuð árið 2020. Þrátt fyrir það leiddu eftirlitsheimsóknir í ljós alvarlegan velferðarvanda og brot á reglum. Síðasta starfandi loðdýrabú landsins er enn WelFur-vottað þrátt fyrir að MAST hafi sett það í hæsta áhættuflokk. Árið 2023 varaði MAST jafnframt við því að til lokunar búsins gæti komið ef aðstæður yrðu ekki bættar. [24]

WelFur er einkarekið vottunarkerfi sem þróað var af loðdýraiðnaðnum og metur velferð dýra innan þess ramma sem hefðbundnir starfshættir greinarinnar setja. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sérstaklega bent á að kerfið meti bú í samanburði við önnur bú innan sama framleiðslukerfis, fremur en að leggja mat á dýravelferð í almennum skilningi. Kerfið hefur jafnframt sætt gagnrýni frá dýralæknum og dýraverndarsamtökum fyrir að taka ekki með fullnægjandi hætti á þeim takmörkunum á velferð dýra sem fylgja búrahaldi. [41]



Myndefni frá íslenskum loðdýrabúum, 2025. © Kristo Muurimaa

Dýralæknar á Íslandi kalla eftir breytingum

Í mars 2026 sagði yfirdýralæknir Matvælastofnunar að endurskoða ætti löggjöf sem heimilar loðdýrarækt og benti á að minkar gætu ekki sýnt náttúrulega hegðun í búrum. Tveimur dögum síðar kallaði Dýralæknafélag Íslands eftir því að loðdýrarækt yrði bönnuð. [36][37]

NÁTTÚRA, LÖG OG LÝÐHEILSA

3.1 Ágeng tegund - arfleifð loðdýraræktar

Minkur var fluttur til Íslands vegna loðdýraræktar. Dýr sluppu úr haldi og komu upp villtum stofni sem nú er skilgreindur sem ágengur. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lýst neikvæðum áhrifum minks á fuglalíf og vistkerfi. [14]

3.2 Löggjöfin tekur mið af stroki minka

Lög nr. 38/2013 um búfjárhald gera kröfu um að loðdýr séu höfð í öruggu haldi og reglugerð um velferð minka kveður á um sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að minkar sleppi úr haldi. [13]

Þrátt fyrir það berast MAST ítrekað tilkynningar um minka sem grunur leikur á að hafi sloppið frá loðdýrabúum. Endurteknar slíkar tilkynningar vekja spurningar um hvort núverandi öryggisráðstafanir dugi í reynd til að koma í veg fyrir að minkar úr eldi komist út í náttúruna. [24]

Með því að leggja loðdýrarækt af væri tekið á rót vandans og komið í veg fyrir að minkabú væru áfram uppspretta minka sem sleppa úr haldi og komast út í náttúruna. Slík breyting myndi jafnframt styðja við langtímamarkmið Íslands um vernd vistkerfa og gæti dregið úr kostnaði hins opinbera við vöktun, veiðar og aðrar aðgerðir vegna minka sem sleppa úr haldi.

Íslenska þversögnin

Á Íslandi er ágeng framandi tegund ræktuð á sama tíma og hið opinbera fjármagnar aðgerðir til að halda villta minkastofninum í skefjum. Áætlaður árlegur kostnaður ríkisins vegna minkaveiða er 59 milljónir króna. [32]

Þróun í Evrópu

Ameríski minkurinn (Neogale vison) var árið 2025 settur á lista Evrópusambandsins yfir ágengar framandi tegundir. Skráningin tekur gildi 7. ágúst 2027. Frá þeim degi banna reglur ESB viljandi hald og ræktun minka í aðildarríkjunum, með fyrirvara um afmarkaðar undanþágur og aðlögunarákvæði. [16][46]

Rúmlega 1,5 milljónir ESB-borgara undirrituðu evrópska borgaraframtakið Fur Free Europe þar sem kallað var eftir ESB-banni við loðdýrarækt og sölu loðfelda frá eldisdýrum. [25]

3.3 Lögfræðileg úttekt: þrjú meginatriði

Í lögfræðilegri úttekt sem unnin var fyrir Samtök um dýravelferð í febrúar 2026 er lagt til grundvallar að loðdýrarækt sé ekki sjálfkrafa ólögmæt. Hins vegar er bent á veruleg lagaleg álitaefni á þremur sviðum.

- Dýravelferð: Hald loðdýra í búrum fer illa saman við markmið laganna um að dýrin geti sýnt eðlilegt atferli og að tekið sé mið af tegundarsértækum þörfum þeirra.
- Náttúruvernd: Varúðarreglur vegna ágengra framandi tegunda styðja rök gegn ræktun tegundar sem getur stuðlað að viðhaldi villtra stofna og þar með haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.
- Örugg varsla: Lög gera kröfu um að loðdýrum sé ávallt haldið í tryggri vörslu. Ítrekuð tilvik þar sem minkar sleppa úr haldi draga í efa hvort unnt sé að tryggja slíka vörslu í reynd. [10]

3.4 Ein heilsa: hætta á smitsjúkdómum

Í loðdýrarækt er mikill fjöldi spendýra hafður í mikilli nálægð hvert við annað. Slíkar aðstæður geta skapað skilyrði fyrir útbreiðslu og aðlögun sjúkdómsvalda sem geta borist milli dýra og manna. Frá upphafi COVID-19-faraldursins hefur SARS-CoV-2 greinst á nærri 500 minkabúum í 13 löndum í Evrópu og Norður-Ameríku og smit frá minkum í eldi til manna hefur verið staðfest. [27][28][42][48]

Skæð fuglaflensa A(H5N1) hefur einnig komið upp á loðdýrabúum. Árið 2022 kom upp faraldur á minkabúi á Spáni þar sem vísbendingar voru um smit milli minka. Í Finnlandi greindist H5N1 á 71 loðdýrabúi árið 2023, hjá minkum, refum og þvottabjarnahundum. Um 485.000 loðdýr voru felld af lýðheilsuástæðum og bætur námu um 50,7 milljónum evra. [29][30][43]

Í ágúst 2026 greindist H5N1-veiran á minkabúi í Utah í Bandaríkjunum. Um var að ræða fyrsta skráða tilfelli skæðrar fuglaflensu í minkum í haldi í Bandaríkjunum. [44]

Þessir atburðir endurspegla hugmyndafræði Einnar heilsu (One Health), sem byggir á því að heilsa manna, dýra og vistkerfa sé nátengd. [31][45] Lögfræðilega úttektin bendir jafnframt á að reglur um dýraheilbrigði geri kröfur um smitvarnir og lágmörkun hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Ef vísindalega er sýnt fram á smithættu gæti það gefið tilefni til frekari takmarkana á starfseminni. [10][17][18]

Sveitarfélög geta haft áhrif

Skipulags- og starfsleyfi taka meðal annars til staðsetningar, mengunar, lyktar og umhverfisáhrifa loðdýrabúa. Lögfræðilega úttektin sýnir að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og skipulagsáætlanir þeirra gegna veigamiklu hlutverki. Í mars 2026 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2025-2045, þar sem loðdýrarækt er bönnuð. [10][22]

SAGA

HVERNIG BYRJAÐI ÞETTA?

Ameríski minkurinn var fluttur til Íslands árið 1931 vegna loðdýraræktar. Áhyggjur af áhrifum hans á náttúruna komu fram nánast samstundis. Árið 1932 varaði náttúrufræðingurinn Guðmundur G. Bárðarson við því að villtur minkastofn gæti haft alvarleg áhrif á fuglalíf. [14][33]

1931

Minkur fluttur til landsins vegna loðdýraræktar

Ameríski minkurinn var fluttur til Íslands til loðfeldaframleiðslu. Villti minkastofninn sem hér lifir í dag á uppruna sinn að rekja til dýra sem sluppu úr haldi. [14][35]

1932

Fyrstu viðvaranirnar

Náttúrufræðingurinn Guðmundur G. Bárðarson varaði við frekari innflutningi minka og benti á þá hættu sem villtur minkastofn gæti skapað fyrir íslenskt fuglalíf. [33]

1948

Villtur minkur til umræðu á Alþingi

Árið 1948 var Alþingi þegar farið að fjalla um útrýmingu villtra minka og ábyrgð á upphaflegum innflutningi þeirra. Innan tveggja áratuga frá upphafi minkaræktar voru minkar sem sluppu úr haldi orðnir að viðfangsefni stjórnvalda á landsvísu. [34]

1951

Alþingi ákveður að leggja minkarækt af

Með lögum nr. 32/1951 var bannað að stofna ný minkabú og ákveðinn frestur til að leggja niður þau bú sem þegar voru starfandi. [21][35]

1969

Minkarækt heimiluð á ný

Banninu frá 1951 var síðar snúið við og minkarækt heimiluð á ný með lögum nr. 68/1969. Áður hafði málið komið aftur til umræðu á Alþingi, þar sem meðal annars var rætt hvort hættan á að minkar slyppu úr haldi væri næg ástæða fyrir áframhaldandi banni. [21][35]

1980-89

Greinin nær hámarki

Loðdýrarækt óx hratt á næstu áratugum og þegar mest var voru starfandi meira en 200 loðdýrabú á Íslandi. [4]

2026

Eitt bú eftir

Nærri öld eftir að fyrstu minkarnir voru fluttir til landsins er aðeins eitt minkabú enn starfandi á Íslandi. [2][40]

LÆRDÓMUR SÖGUNNAR

Á tæpri öld hefur Ísland farið úr því að flytja inn minka til loðfeldaframleiðslu, yfir í að banna minkarækt vegna þess að dýr sluppu úr haldi og síðan heimila hana á ný. Á sama tíma hefur þurft að verja fjármunum til að halda villta minkastofninum í skefjum. Nú þegar loðdýrarækt er aðeins stunduð á einu búi myndi bann við loðdýrarækt koma í veg fyrir að minkar frá eldisbúum sleppi áfram út í náttúruna og samræma stefnu stjórnvalda betur langtímamarkmiðum um náttúruvernd. [21][35]

FRÁ YFIR 200 BÚUM Í EITT

Samdráttur, þróun og efnahagslegt vægi

FJÖLDI LOÐDÝRABÚA - VALIN ÁR



Heimildir og samanburður: Þegar loðdýrarækt var umfangsmest á níunda áratugnum voru starfandi yfir 200 loðdýrabú á Íslandi; um 56 árið 2000; 13 árið 2019; sex í árslok 2023 og eitt í árslok 2025. Átta bú voru starfandi einhvern hluta ársins 2023, en sex voru enn í rekstri í árslok. [2][3][4][5]

Taprekstur 2014-2025

Loðdýrarækt var rekin með tapi öll árin, að árinu 2021 undanskyldu þegar ríkisstyrkir studdu við tekjur greinarinnar. Áætlað tap árið 2025 var 35 milljónir króna. [32]

Á árunum 2019-2021 var samtals 241 milljón króna varið í styrki til loðdýraræktar og fóðurframleiðslu fyrir minka. [20][32]

Áætlað heildarframlag

-981 MILLJÓN KRÓNA

Heildstætt kostnaðarmat fyrir árið 2025 áætlaði nettóframlag loðdýraræktar til samfélagsins neikvætt um 981 milljón króna þegar umhverfis- og lýðheilsukostnaður hafði verið dreginn frá vergri virðisaukningu greinarinnar. Áhrif skertrar dýravelferðar voru ekki metin til fjár. [32]

Fimm af sex búum hættu árið 2025

Bændablaðið greindi frá því í desember 2025 að fimm af þeim sex loðdýrabúum sem þá voru enn starfandi hefðu hætt rekstri eftir að rekstrargrundvöllur þeirra var ekki lengur fyrir hendi. [2]

HVAÐ SÝNA TÖLURNAR?

UMSKIPTIN ERU ÞEGAR HAFIN

Greinin hefur dregist verulega saman frá því að yfir 200 loðdýrabú voru starfandi þegar mest var. Fimm af þeim sex búum sem enn voru starfandi árið 2025 hættu rekstri á árinu. [2][4]

TAKMARKAÐ UMFANG BREYTINGANNA

Miðað við núverandi umfang greinarinnar myndi lögbundið afnám loðdýraræktar ná til mjög fárra rekstraraðila samanborið við fyrri áratugi. Það gerir raunhæft að útfæra sanngjörn og skýrt afmörkuð umskipti.

NÝ KÖNNUN MASKÍNU - ÁGÚST 2026

1.205 svarendur - gögn vegin til samræmis við þjóðina

Könnunin var framkvæmd dagana 7.-11. ágúst 2026 í Þjóðgátt Maskínu. Svarendur voru 18 ára og eldri af öllu landinu. Við úrvinnslu voru gögnin vegin eftir kyni, aldri, búsetu og menntun þannig að svarendahópurinn endurspeglaði þjóðina. Alls tóku 1.205 manns þátt. [1]

1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur/t) ert þú loðdýrarækt á Íslandi?

42% andvíg



2. Minkur er skilgreindur sem framandi og ágeng tegund á Íslandi. Fólk hefur ólík viðhorf til þess hvort áhættan sem fylgir ræktun hans í atvinnuskyni sé ásættanleg eða ekki. Hver er þín skoðun?



60,1% af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar töldu áhættuna ekki ásættanlega og að hætta ætti loðdýrarækt með minkum

DÆMI UM MUN EFTIR BAKGRUNNI - SPURNING 2

Konur

ekki ásættanleg	ásættanleg
49,0%	15,9%

Reykjavík

ekki ásættanleg	ásættanleg
51,9%	21,9%

Háskólapróf

ekki ásættanleg	ásættanleg
49,7%	21,4%

Hvað sýna niðurstöðurnar?

Niðurstöðurnar sýna ekki einhug, en andstaða við loðdýrarækt er greinilega meiri en stuðningur. Í almennu spurningunni eru meira en tvöfalt fleiri andvíg loðdýrarækt en hlynnt henni. Þegar sérstaklega er spurt um áhættuna sem fylgir ræktun ágengrar framandi minkategundar í atvinnuskyni segja 41,9% að áhættan sé ekki ásættanleg og að hætta ætti loðdýrarækt með minkum, en 27,8% telja áhættuna ásættanlega og að ræktunin eigi að halda áfram. Af þeim sem tóku afstöðu til þeirrar spurningar töldu 60,1% áhættuna ekki ásættanlega og að hætta ætti loðdýrarækt með minkum.

Í almennu spurningunni er andstaðan sérstaklega mikil meðal yngra fólks, kvenna og íbúa Reykjavíkur: 52,6% fólks á aldrinum 18-29 ára, 50,5% kvenna og 54,4% íbúa Reykjavíkur eru andvíg loðdýrarækt. [1]

LEIÐIN AÐ BANNI

TILLAGA AÐ NÁLGUN

Í svari matvælaráðherra við fyrirspurn á Alþingi árið 2024 kom fram að ef banna ætti ákveðna tegund búfjárhalds þyrfti Alþingi að setja lög þess efnis. [5] Heildarendurskoðun laga nr. 55/2013 um velferð dýra er nú á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar og er gert ráð fyrir að frumvarp til breytinga á lögunum verði lagt fram í nóvember 2026. [47]

Við leggjum til eftirfarandi skref:

1. Marka opinbera stefnu um að leggja loðdýrarækt af á Íslandi.

2. Setja tímabundið bann við stofnun nýrra loðdýrabúa og stækkun þeirra sem fyrir eru meðan unnið er að lagasetningu og undirbúningi aðlögunartímabils.

3. Setja sanngjarnt og skýrt aðlögunartímabil fyrir það bú sem eftir er og meta hvort veita eigi aðlögunarstuðning vegna kostnaðar sem hlýst af breytingunum.

4. Lögfesta bann við því að halda eða rækta dýr fyrst og fremst til loðfeldaframleiðslu.

NIÐURSTAÐA

Nú þegar loðdýrarækt á Íslandi er í sögulegu lágmarki, andstaða almennings er mun meiri en stuðningur við greinina og traust vísindaleg gögn liggja fyrir um velferðarvandamál í loðdýrarækt, eru sterk rök fyrir því að leggja greinina niður. Reynslan hér á landi sýnir jafnframt að minkar hafa ítrekað sloppið úr haldi, annmarkar hafa ítrekað komið fram við eftirlit og villtur minkur hefur haft neikvæð áhrif á íslenskt lífríki.

Þróunin í Evrópu er skýr. Fjölmörg ríki hafa bannað loðdýrarækt eða ákveðið að leggja hana af. Samhliða því hefur aukin þekking á velferð loðdýra dregið fram þær takmarkanir sem fylgja búrhaldi, þar sem möguleikar dýranna til hreyfingar og náttúrulegrar hegðunar eru verulega skertir.

Á Íslandi er umfang greinarinnar mjög lítið og því eru aðstæður til að leggja starfsemina af með skipulögðum, sanngjörnum og ábyrgum hætti. Þótt breytingin sé takmörkuð að umfangi varðar hún stærri spurningar um stefnu Íslands í málefnum dýravelferðar, siðferðis, náttúruverndar og lýðheilsu.

Ísland hefur lengi viljað standa framarlega þegar kemur að velferð dýra og vernd náttúrunnar. Bann við loðdýrarækt væri í samræmi við þau gildi og þá ábyrgð sem íslenskt samfélag ber gagnvart skyni gæddum dýrum og íslenskri náttúru. Með slíku banni yrði jafnframt tekin skýr afstaða til þess að ævilangt hald dýra í búrum vegna loðskinnaframleiðslu eigi ekki lengur heima í íslensku samfélagi.

HEIMILDIR

1. Maskína: Loðdýrarækt á Íslandi, könnun fyrir Samtök um dýravelferð, 7.-11. ágúst 2026 (n=1.205).
2. Bændablaðið, 4. des. 2025: "Loðdýraeldi leggst af á Íslandi" - fimm af sex búum hættu starfsemi; eitt bú eftir.
3. E. Bjarnadóttir, Búnaðarrit 114 (2000): um 56 starfandi loðdýrabú.
4. Vísir, 19. mars 2019: "Áralangur taprekstur af loðdýrarækt" - 13 bú árið 2019; yfir 200 bú þegar greinin var umfangsmest.
5. Alþingi, þingskjal 1399, 154. löggjafarþing: sex starfandi bú og um 7.600 minkar í árslok 2023; tölur MAST.
6. EFSA, 30. júlí 2025: Welfare of American mink, red and Arctic foxes, raccoon dog and chinchilla kept for fur production.
7. FVE, FECAVA & WSAVA, 14. nóv. 2025: Support for a phase-out of fur farming.
8. Mason, Cooper & Clarebrough, Nature 410 (2001): Frustrations of fur-farmed mink.
9. Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, einkum 1., 21. og 29. gr.
10. Katrín Oddsdóttir, lögmaður, 14. feb. 2026: lögfræðileg úttekt á lagaumhverfi loðdýraræktar á Íslandi, unnin fyrir Samtök um dýravelferð.
11. RÚV/Kveikur, 17. mars 2026: "Blóðug og sár dýr fyrir íslenskan loðfeld".
12. Heimildin, 4. ágúst 2023: umfjöllun byggð á bréfi MAST vegna Dalsbús.
13. Reglugerð nr. 1277/2014 um velferð minka; lög nr. 38/2013 um búfjárhald.
14. Náttúrufræðistofnun Íslands: "Minkur" og efni um ágengar dýrategundir.
15. Mosfellsbær, 29. júlí 2026: "Aðgerðir í Mosfellsdal ganga vel" - nokkur hundruð minkar sluppu frá Dalsbúi.
16. Commission Implementing Regulation (EU) 2025/1422: Neogale vison settur á lista ESB yfir ágengar framandi tegundir; skráning tekur gildi 7. ágúst 2027.
17. Regulation (EU) 2016/429 on transmissible animal diseases, eins og fjallað er um í lögfræðilegu úttektinni.
18. Peacock & Barclay, PNAS 120 (2023): Mink farming poses risks for future viral pandemics.
19. Hagstofa Íslands, 19. mars 2019: loðdýrabú rekin með tapi 2014-2017; 43 rekstraraðilar árið 2013 og 30 árið 2017.
20. Alþingi, álit fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga 2021, þingskjal 530: verkefnafjárveitingar tengdar minkarækt og lífrænum úrgangi.
21. Lög nr. 32/1951 og nr. 68/1969; umræður á Alþingi um sögulegt bann við minkarækt og síðari endurheimild hennar.
22. Norðurþing, Aðalskipulag Norðurþings 2025-2045 / samþykkt sveitarstjórnar 2026.
23. Stjórnarráð Íslands, fylgirit með fjárlögum 2025: 53,7 millj. kr. samkvæmt reikningi 2023 og 57,5 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 2024 vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.
24. Matvælastofnun (MAST): eftirlitsgögn vegna Dalsbús, fengin samkvæmt upplýsingabeiðni í febrúar 2026 (í vörslu Samtaka um dýravelferð/Humane World for Animals).
25. European Commission, Fur Free Europe ECI: 1.502.319 staðfestar stuðningsyfirlýsingar; lágmarksviðmiðum náð í 18 aðildarríkjum.
26. Eurogroup for Animals, 2. des. 2025: Poland became the 24th European country to end fur farming.
27. EFSA & ECDC, 18. feb. 2021: SARS-CoV-2 greindist á 400 minkabúum í átta ESB/EES-ríkjum.
28. ECDC, 12. nóv. 2020: smit SARS-CoV-2 getur borist frá mönnum í minka og frá minkum í menn.
29. ECDC, des. 2023: H5N1 greindist á 71 loðdýrabúi í Finnlandi; minkar voru meðal þeirra tegunda sem sýktust.
30. Agüero o.fl., Eurosurveillance 28 (2023): H5N1-faraldur á spænsku minkabúi; vísbendingar um smit milli minka.
31. WHO, One Health: heilsa manna, dýra og vistkerfa er nátengd.
32. Carpenter, G. & Kanepajs, A., 24. júlí 2026: A full-cost account of the Icelandic fur industry - A 2025 assessment, unnið fyrir Humane World for Animals og Samtök um dýravelferð.
33. Guðmundur G. Bárðarson, 1932: "Jafnvægisröskun í náttúrunni", Náttúrufræðingurinn 2, bls. 82-87, Tímarit.is.
34. Alþingi, 2. mars 1948: Jónas Jónsson, umræður um útrýmingu villiminks, 93. mál, 67. löggjafarþing.
35. Alþingi, 27. feb. 1968: Ásberg Sigurðsson, umræður um loðdýrarækt, 48. mál, 88. löggjafarþing.
36. RÚV, 17. mars 2026: "Telur að endurskoða ætti lög um loðdýrarækt" - yfirdýralæknir MAST sagði að endurskoða ætti löggjöf sem heimilar loðdýrarækt og benti á að minkar geti ekki sýnt eðlilega hegðun í litlum búrum.
37. RÚV, 19. mars 2026: "Dýralæknar vilja banna loðdýrahald" - Dýralæknafélag Íslands kallaði eftir banni við loðdýrarækt.
38. WSAVA, About Us (sótt í sept. 2026): 113 aðildarfélög sem eru fulltrúar meira en 390.000 dýralækna sem sinna félagadýrum um allan heim.
39. RÚV, 18. mars 2026: "Óásættanleg meðferð á dýrum" - ummæli Hönnu Katrínar Friðriksson ráðherra í kjölfar umfjöllunar Kveiks.
40. Bændablaðið, 13. ágúst 2026: "Langvarandi tjón á síðasta minkabúi landsins" - Dalsbú sagt síðasta minkabú Íslands.
41. European Commission, 21. des. 2023: Communication on ECI 'Fur Free Europe' (C/2023/1559), kafli 2.1.2 um WelFur.
42. Humane World for Animals: Fur farming and zoonotic disease risk (sótt í sept. 2026).
43. Yle, 29. feb. 2024: Fur farms get over EUR 50m in compensation for bird flu culls - 485.000 dýr; 50,7 milljónir evra í bætur.
44. USDA APHIS, HPAI Detections in Mammals (ágúst 2026); Animal Welfare Institute, 17. sept. 2026: fyrsta skráða H5N1-tilfellið í minkum í haldi í Bandaríkjunum, Utah.
45. Swabe, J. o.fl., The Lancet Regional Health - Europe, 29. ágúst 2026: If the EU is serious about One Health, it must ban fur farming.
46. Regulation (EU) No. 1143/2014, einkum 7.-9. og 32. gr.
47. Stjórnarráð Íslands, þingmálaskrá fyrir 158. löggjafarþing 2026-2027: heildarendurskoðun laga nr. 55/2013 um velferð dýra; gert ráð fyrir framlagningu frumvarps í nóvember 2026.
48. Ghai, R.R. o.fl., Viruses 15 (2023), 2436: 478 minkabú í 13 löndum tilkynntu SARS-CoV-2-faraldra til WOAH.

Unnið af

Rósu Líf Darradóttur, M.D.

Formanni Samtaka um dýravelferð á Íslandi

Unnið í samstarfi við Humane World for Animals.
Stefnuskjal | október 2026.